

RÁÐGJAFARNEFND EES

Höfn, 25. júní 2006

ÁLYKTUN & SKÝRSLA um

LISSABON-ÁÆTLUNINA – MEIRI SJÁLFBÆR VÖXTUR MEÐ INNLENDUM UMBÓTUM OG AUKNU EES-SAMSTARFI

Skýrslugjafi:

Liina CARR (Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna, Eistland/Hópur II –
Stéttarfélag)

Signe PAPE (Ráðgjafarnefnd EFTA, Noregur/Vinnuveitendur)

ÁLYKTUN
um

LISSABON-ÁÆTLUNIN – MEIRI SJÁLFBÆR VÖXTUR MEÐ INNLENDUM
UMBÓTUM OG AUKNU EES-SAMSTARFI

Ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins

- A. vekur athygli á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til vorfundar ráðs Evrópusambandsins: *Time to move up a gear: the new partnership for growth and jobs* frá 18. janúar 2006,
 - B. vekur athygli á skýrslu efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna um *Implementation of the Lisbon Strategy – Summary Report for the European Council (23 and 24 March 2006)* frá 9.–10. mars 2006 (CESE 1468/2005),
 - C. vekur athygli á könnun svæðanefndarinnar *Survey on the involvement of Regions and Cities in preparing the Lisbon National Reform Programmes* (DI CdR 45/2005) frá 9. janúar 2006,
 - D. vekur athygli á niðurstöðu formennskuríkjanna sem kynnt var á fundi ráðs Evrópusambandsins í Brussel 23.–24. mars 2006,
 - E. minnir á ályktun ráðgjafarnefndar EES um *Lisbon Strategy – role and expectations of economic and social partners in the EEA* (DI CESE 71/2005 – tilv.nr. 1052343) frá 31. maí 2005,
 - F. minnir á fyrri álit ráðgjafarnefndar EFTA og efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna um Lissabon-áætlunina og skyld málefni,
 - G. vekur athygli á fréttariti EFTA (EFTA Bulletin) *Growth and Jobs: The Lisbon Strategy and the European Economic Area* frá mars 2006,
 - H. vekur athygli á *Work Programme of the European Social Partners 2006–2008* (CEEP, ETUC, UNICE/UEAPME) frá 23. mars 2006,
1. minnir á upphaflegt markmið Evrópusambandsins að „skapa samkeppnishæfasta þekkingarhagkerfi heimsins sem hefur alla burði til sjálfbærs hagvaxtar með fleiri og betri störfum og öflugri félagslegri samheldni“;
 2. leggur áherslu á að með nýrri og hraðari hnattvæðingu sé enn mikilvægara fyrir EES-löndin að hrinda markmiðum Lissabon-áætlunarinnar í framkvæmd;
 3. leggur áherslu á að þau náist aðeins með meiri fjárfestingu í nýjum vörum, mannauði og grunnvirkjum svo eitthvað sé nefnt;
 4. fagnar því að í Lissabon-áætluninni er lögð aukin áhersla á sérstök forgangssvið og betri stjórnunarhætti þar sem aðildarríkin taka meiri ábyrgð á áætluninni á grundvelli innlendra umbótaáætlana sem hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina;
 5. undirstrikar mikilvægi þess að virða og leggja áherslu á dreifræðisregluna í þeim tilgangi að ná því markmiði að auka þjónustustarfsemi yfir landamæri, efla skilvirkni og tryggja

sjálfbæran vöxt á EES-svæðinu. Þjónusta tengd almannahagsmunum er hluti af evrópskum lífsháttum og er nauðsynlegt að gæði hennar haldist;

6. hvetur aðildarríkin til að axla fulla ábyrgð á framkvæmd innlendra áætlana, með skýrum markmiðum og lokafresti, og til að leggja áherslu á svið þar sem framkvæmdastjórnin hefur bent á að nægilegur árangur hafi ekki náðst fram til þessa;
7. fagnar viðurkenningu framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins á því sérstaka hlutverki sem borgaralegt samfélag og samtök aðila vinnumarkaðarins gegna við framkvæmd innlendra umbótaáætlana og hvetur innlend stjórnvöld til að fylgja þeim eftir;
8. harmar að í sumum aðildarríkjum tóku ekki nógu mörg þessara samtaka og ekki nógu mörg staðbundin og svæðisbundin yfirvöld þátt í þróun innlendu umbótaáætlana áður en þær voru lagðar fram í lok árs 2005, og fer því þess á leit við viðkomandi aðildarríki að þau hafi meira og víðtækara samráð þegar þau framkvæma áætlanir sínar og þróa þær frekar ;
9. ítrekar álit sitt frá fyrri ályktunum þess efnis að Lissabon-áætlunin hafi einnig mikla þýðingu fyrir EFTA-ríkin innan EES; þótt þeim gangi tiltölulega vel að því er varðar þrjár helstu stoðir áætlunarinnar standa EFTA-ríkin innan EES frammi fyrir sams konar viðfangsefnum og Evrópusambandið og þau ættu að þróa umbótaáætlanir á grundvelli sérstakra þarfa hvers ríkis um sig og sjá um leið til þess að aðilar vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum innan EES taki fullan þátt í því starfi;
10. fagnar því að EFTA-ríkin innan EES hafi verið tekin inn í gagnagrunn Hagstofu Evrópubandalaganna um grunnhagvísu og leggur áherslu á mikilvægi þess fyrir raunhæfa setningu viðmiðana á EES-svæðinu; en harmar þó að gögn þeirra birtast ekki eins og sakir standa í útgefnu efni framkvæmdastjórnarinnar, sem torveldar setningu viðmiðana;
11. leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að gefa gaum að sérstökum svæðisbundnum og staðbundnum aðstæðum við setningu viðmiðana á EES-svæðinu og að varlega sé farið í að fylgja þeirri reglu að ein lausn henti öllum. Hvert svæði skal hafa hag af sérstökum og viðeigandi aðgerðum þar sem samstaða á Evrópuvísu er í fyrirrúmi, og skal svæðið vera samanburðarhæft við önnur svæðisbundin og staðbundin samfélög við svipaðar aðstæður;
12. styður aukna áherslu framkvæmdastjórnarinnar á upplýsingaferðir til að kynna Lissabon-áætlunina og leggur áherslu á það lykilhlutverk sem borgaralegt samfélag og samtök aðila vinnumarkaðarins skulu hafa í þessu starfi, á grundvelli þess einstaka samskiptanets sem þau hafa til að koma mikilvægum boðum til tiltekinnar markhópa í samfélaginu og safna frá þeim upplýsingum;
13. leggur áherslu á að þörf sé á að framkvæmdastjórnin og EES-ríkin viðurkenni ábyrgð sína og geri borgurunum betur grein fyrir Lissabon-áætluninni og skýri út fyrir þeim hvaða þýðingu hún hefur fyrir þá í raun og veru; ef einstakir borgarar eða fyrirtæki sjá sér ekki aukinn hag í áætluninni mun hún ekki heppnast;
14. viðurkennir að bætt atvinnuástand, einkum fyrir ungt fólk, konur og íbúa yfir fimmtugt, er helsta forgangsmál Lissabon-áætlunarinnar; símenntun hlýtur að hafa í för með sér að fleira fólk öðlist betri menntun, og virkar aðgerðir í þágu atvinnulausra, m.a. innflytjenda og þjóðernisminnihlutahópa, skulu beinast að því að auðvelda þeim að komast fljótt aftur í vinnu;
15. fagnar Lissabon-áætlun Bandalagsins og hvetur Evrópuþingið og ráðið til að samþykka nógu tímanlega hverja einstaka áætlun og ráðstöfun samkvæmt hinu nýja fjármagnskerfi (2007–2013) svo að hægt sé að ýta þeim úr vör í byrjun árs 2007, eins og áætlað var ;

16. lætur einnig í ljós mikilvægi þess fyrir EFTA-ríkin innan EES að þetta verði samþykkt tímanlega til þess að tryggja þátttöku þeirra í áætlununum frá upphafi;
17. fer þess á leit við hagsmunaaðila í EFTA-ríkjunum innan EES að þeir séu áfram virkir þátttakendur í meira en 30 Bandalagsáætlunum sem þegar hafa verið felldar inn í EES-samninginn og hvetur framkvæmdastjórnina og yfirvöld í EFTA-ríkjunum innan EES til að beita sér fyrir því að fleiri áætlanir verði felldar inn í samninginn, til dæmis áætlanirnar PROGRESS and CIP.

Viðauki: Skýrsla um Lissabon-áætlunina – meiri sjálfbær vöxtur með innlendum umbótum og auknu EES-samstarfi

SKÝRSLA UM

LISSABON-ÁÆTLUNINA – MEIRI SJÁLFBÆR VÖXTUR MEÐ INNLENDUM UMBÓTUM OG AUKNU EES-SAMSTARFI

I AÐDRAGANDI

1.1. Í ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins (ráðgjafarnefnd EES) eiga sæti fulltrúar frá öllum helstu hagsmunahópum í EES-ríkjunum 28 á sviði samfélags- og efnahagsmála. Nefndin er málsvari launþega, atvinnurekenda og annarra skipulagðra samfélagshópa í þessum löndum og er hluti af stofnanakerfi Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2. Þessi ályktun um *Lissabon-áætlunina – meiri sjálfbær vöxtur með innlendum umbótum og auknu EES-samstarfi* var samþykkt á 14. fundi ráðgjafarnefndar EES á Höfn í Hornafirði hinn 25. júní 2006. Skýrslugjafar voru **Signe Pape** frá ráðgjafarnefnd EFTA og **Liina Carr** frá efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna (EESC).

II INNGANGUR

2.1. Þegar Evrópusambandinu tókst ekki að ná þeim helstu markmiðum sem upphaflega voru sett í Lissabon-áætluninni árið 2000 voru þau aftur tekin fyrir í áætluninni um vöxt og atvinnumál ⁽¹⁾ í mars 2005. Hugmyndin var að leggja meiri áherslu á stefnu og stjórnunarhætti. Ákveðið var, á grundvelli Wim Kok-skýrslunnar ⁽²⁾ og vegna alvarlegra lýðfræðilegra og hnattrænna úrlausnarefna sem við blasa, að leggja sérstaka áherslu á aðgerðir sem stuðla að sjálfbærum vexti og fleiri og betri störfum. Þar sem ábyrgðin hafði áður verið óljós fól nýja áætlunin einnig í sér þá breytingu á stjórnunarháttum að hlutur aðildarríkjanna í áætluninni varð mun viðameiri. Í apríl 2005 fylgdi framkvæmdastjórnin því eftir með samþættum viðmiðunarreglum fyrir vöxt og störf sem innlendar umbótaáætlanir fyrir tímabilið 2005–2008 byggðust á. Og í janúar 2006 gaf framkvæmdastjórnin út orðsendingu með greiningu á þessum áætlunum ⁽³⁾.

2.2. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar var lögð áhersla á að skila árangri varðandi þau markmið sem sett höfðu verið fram í innlendu áætluninum. Hún styrkti einnig hlutverk aðildarríkjanna við framkvæmd umbótanna: „Með því að leggja fram innlendar umbótaáætlanir hafa aðildarríkin tekið á sig meiri ábyrgð og lagt fram ítarlega lýsingu á aðgerðum sem þau skuldbinda sig til.“ Á grundvelli greininga á mismunandi umbótaáætlunum lagði framkvæmdastjórnin áherslu á fjögur forgangssvið (rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun, einkaframtak, atvinnumál og stefnu í orkumálum), þar sem frekara átaks var þörf til að auka vöxt og skapa fleiri störf á tímabilinu 2005–2008. Framkvæmdastjórnin „hvatti ráð Evrópusambandsins til að einsetja sér að hefja röð nákvæmra, tímamarkaðra aðgerða á öllum þessum sviðum.“ Auk innlendu aðgerðanna mundi framkvæmdastjórnin styðja aðildarríkin innan vébanda Lissabon-áætlunar Bandalagsins, ⁽⁴⁾ sem var samþykkt í júlí 2005.

2.3. Þótt lítið hafi verið um nákvæmar tímamarkaðar aðgerðir í niðurstöðu fundar ráðs Evrópusambandsins 23.–24. mars 2006, sem formennskuríkið kynnti, voru leiðtogar ríkja

⁽¹⁾ Orðsending til vorfundar ráðs Evrópusambandsins: „Working together for growth and jobs – a new start for the Lisbon Strategy“, COM (2005) 24

⁽²⁾ Skýrsla hóps háttsettra sjálfstæðra sérfræðinga, undir formennsku Wim Koks: „Facing the Challenge – The Lisbon strategy for growth and employment“, nóvember 2004

⁽³⁾ Orðsending til vorfundar ráðs Evrópusambandsins 2006: „Time to move up a gear: the new partnership for growth and jobs“, 18. janúar 2006

⁽⁴⁾ Orðsending um „Common Actions for Growth and Employment: The Community Lisbon Programme“ – COM(2005) 330 lokaútg. 20. júlí 2005

Evrópusambandsins staðfastir í að fylgja áfram Lissabon-áætluninni og þeir komust að þeirri niðurstöðu að „mikilvægustu úrlausnarefni sambandsins yrðu áfram að draga enn frekar úr atvinnuleysi, auka framleiðni og mögulegan vöxt“⁽⁵⁾. Ráð Evrópusambandsins lagði einnig áherslu á mikilvægi þess að tryggja „jákvæða gagnvirkni í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum“.

2.4. Í þessu skjali skoðar ráðgjafarnefnd EES nánar hvernig hægt er að skapa sjálfbæran vöxt og fleiri og betri störf með innlendum umbótum og nánara EES-samstarfi og hvernig tryggja megi að þetta haldist í hendur við strangar umhverfisreglur og félagslega samheldni. Nefndin viðurkennir að áætlunin um vöxt og atvinnumál sé í grundvallaratriðum Evrópusambandsáætlun. Hún er þó einnig afar mikilvæg fyrir EFTA-ríkin innan EES, að hluta til vegna fullrar þátttöku þeirra á innri markaðnum og aukinnar þátttöku þeirra í áætlunum Bandalagsins.

2.5. Góður árangur Lissabon-áætlunarinnar fer mikið eftir þróun innri markaðarins og eðlilegri starfsemi hans og öfugt. Samkeppnishæfni, án þess að reynt sé að skapa og standa undir viðeigandi kröfum um félagsleg réttindi og öryggi í einkalífi og vinnu, er ekki sjálfbær. Jafnframt er þörfin á að skapa ný störf með nýsköpun og samkeppnishæfni afar þýðingarmikil til að tryggja félagslega samheldni og koma í veg fyrir félagslega ólgu alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin vill að EES-stofnanir viti af nýlegu álit ráðgjafarnefndar EFTA um *Nýja áætlun fyrir innri markaðinn* (tilv. 1062436).

III ÞÖRFIN Á AÐ KOMA Á RAUNVERULEGRI SAMSTÖÐU: MEÐ ÞÁTTTÖKU AÐILA VINNUMARKAÐARINS OG BORGARALEGS SAMFÉLAGS

3.1. Í álitinu lagði framkvæmdastjórnin áherslu á mikilvægi þess að gera átak í að ná innlendri samstöðu um umbótaáætlanir, svo og á nauðsyn þess að aðildarríkin og Evrópusambandið tryggðu að sérhæfðum samskiptaáætlunum væru settar á laggirnar til að kynna Lissabon-áætlunina. Þetta krefst skýrari skiptingar verkefna og ábyrgðar á vettvangi Evrópusambandsins og í hverju landi fyrir sig, án þess að það stríði gegn dreifræðisreglunni, auk virkrar þátttöku svæðis- og staðaryfirvalda og borgaralegs samfélags. Ráðgjafarnefnd EES fagnar þessu nýja ferli í stjórnunarháttum sem byggist á samvinnu og eignarhaldi, einkum hinu „sérstaka hlutverki“ sem framkvæmdastjórnin og ráðið ætla aðilum vinnumarkaðarins í þessari samvinnu.

3.2. Ráðgjafarnefnd EES er sammála framkvæmdastjórninni um að þörf sé á raunverulegri innlendri samstöðu til að knýja innlendu umbótaáætlanirnar áfram. Þátttaka breiðari hóps hagsmunaaðila er einkum mikilvæg í aðildarríkjunum þar sem svæða- og staðaryfirvöld, samtök aðila vinnumarkaðarins og borgaralegt samfélag áttu lítinn eða einungis formlegan þátt í undirbúningi umbótaáætlana. Í könnun sem svæðanefndin stóð fyrir í september og október 2005⁽⁶⁾ kom í ljós að einungis 17% landsvæða og borga voru ánægð með þátt sinn í innlendu umbótaáætlunum. Jafnframt kvörtuðu sumir innlendir aðilar vinnumarkaðarins á þríhliða leiðtogafundinum um félagsmál (Tripartite Social Summit) í Brussel hinn 23. mars 2006 um að þeir hefðu ekki átt fullan þátt í að gera drög að áætlunum. Þetta verður að breytast á framkvæmdastiginu og þörf er á fullri þátttöku allra hagsmunaaðila og hennar krafist í öllum aðildarríkjum.

3.3. Á vörfundum ráðs Evrópusambandsins 2005 var efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna hvött til að setja á laggirnar gagnvirknet um framtaksverkefni hins borgaralega samfélags í samstarfi við innlend efnahags- og félagsmálaráð aðildarríkjanna. Markmiðið með þessu gagnvirkna neti væri að stuðla að framkvæmd Lissabon-áætlunarinnar og færa umræðuna á vettvang hins borgaralega samfélags í Evrópu. Þetta starf hófst að loknum vörfundum ráðsins í mars 2005 og lauk

⁽⁵⁾ Ráð Evrópusambandsins í Brussel 23.–24. mars 2006 – „Niðurstöður formennskuríkjanna“ (7775/06), 24. mars 2006

⁽⁶⁾ Skýrsla svæðanefndarinnar um „Implementation of the Lisbon partnership for Growth and Jobs – The Contribution of Regions and Cities“, gerð í september-október 2005, gefin út í janúar 2006

með skýrslu, m.a. greinargóðum tilmælum, til vorkundar ráðsins í mars 2006 ⁽⁷⁾. Niðurstaða skýrslunnar er sú að „þátttaka skipulegs borgaralegs samfélags í heild er þýðingarmikil en nægir ekki“, og að þrátt fyrir að lögð sé meiri áhersla á forgangssvið og skýrari dreifingu ábyrgðar ber Lissabon-áætlunin ekki árangur nema hún hafi einnig meira gildi fyrir einstaka borgara, starfsmenn og atvinnurekendur og þeim finnist áætlunin í raun vera fyrir þá; hún þarf því fyrst og fremst að beinast að þessum hópum.

3.4. Ráðgjafarnefnd EES styður að fullu aukna áherslu framkvæmdastjórnarinnar á sérstakar upplýsingaherferðir til að kynna áætlunina. Þótt samræming ætti að vera helsta verkefni Evrópustofnananna telur nefndin að mikilvægasta aðgerðin þurfi að vera nær fólkinu með því að beita dreififræðisreglunni og kjörorðunum að „hugsa á heimsvísu og vinna á heimavelli“ (think global – act local). Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og ráðgjafarnefnd EFTA hafa báðar hag af sérstöku neti til að koma mikilvægum upplýsingum til borgaralegs samfélags og samtaka aðila vinnumarkaðarins og til að taka á móti svörum frá þeim. Þessir aðilar eru í kjöraðstöðu til að auka vitund fólks og gera Lissabon-áætlunina aðgengilegri fyrir viðkomandi markhópa. Þeir vita hvar þörfin er og geta komið tilteknum áhugaefnum á framfæri innan ESB og EFTA og þannig verið tengiliður milli yfirvalda og tiltekinna markhópa.

3.5. Ráðgjafarnefnd EES telur afar þýðingarmikið að í niðurstöðum fundarins sé lýst yfir fylgi við starf efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og svæðanefndarinnar: „Hún hvetur efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndina til að halda áfram starfi sínu og biður um yfirlitsskýrslur til stuðnings samvinnunni um vöxt og atvinnumál snemma árs 2008“. Í þessu samhengi fagnar ráðgjafarnefnd EES stuðningi ráðs Evrópusambandsins við nýja starfsáætlun aðila vinnumarkaðarins fyrir tímabilið 2006–2008 ⁽⁸⁾ og þeirri fyrirætlun formennskuríkisins Finnlands að halda þríhliða leiðtogafund um félagsmál síðari hluta árs 2006. Í starfsáætluninni ætluðu fulltrúar evrópskra verkalyðsfélaga og vinnuveitenda sér að greina í sameiningu helstu viðfangsefnin sem Evrópusambandið stendur frammi fyrir, til dæmis á sviði lýðfræði, símenntunar, þátttöku ungs fólks og „flexicurity“ sem er sambland af sveigjanlegum vinnumarkaði og félagslegu öryggi.

IV AÐGERÐIR Á VETTvangi EVRÓPU: LISSABON-ÁÆTLUN BANDALAGSINS

4.1. Enda þótt í Lissabon-áætluninni verði næstu þrjú árin lögð megináhersla á framkvæmd innlendra umbótaáætlana viðurkennir framkvæmdastjórnin að „sumum markmiðunum nái aðildarríkin ekki ein og sér heldur þurfi að koma til aðgerðir á vettvangi Bandalagsins ef árangur eigi að nást“. Fyrirhuguðum aðgerðum Lissabon-áætlunarinnar er ætlað að styðja við innlent átak og fjárfestingar í Bandalaginu svo að meira aðlaðandi verði að búa og starfa í Evrópu. Lissabon-áætlun Bandalagsins felur m.a. í sér 7. rammaáætlunina; nýju rammaáætlunina um samkeppnishæfni og nýsköpun (CIP); umbætur á stefnuramma vegna ríkisaðstoðar við rannsóknir og þróun; nýja samþættari atvinnustefnu; og „eitt greiðslusvæði“ í Evrópusambandinu. Ráðgjafarnefnd EES styður að öllu leyti Lissabon-áætlun Bandalagsins og leggur áherslu á mikilvægi þess að nægu fjármagni sé veitt til hennar svo að nauðsynlegur stuðningur sé fyrir hendi við innlendar umbætur.

4.2. Framkvæmdastjórnin hafði þegar í janúar 2006 samþykkt tvo þriðju hluta aðgerðanna sem fyrirhugaðar voru í Bandalagsáætluninni en í reynd var ekki hægt að hrinda þeim í framkvæmd fyrr en Evrópupingid og ráðið hefðu samþykkt áætlanirnar. Margar fjármögnunaraðgerðirnar voru háðar samkomulagi milli framkvæmdastjórnarinnar, ráðsins og þingsins um heildarfjárhagsáætlunir 2007–

⁽⁷⁾ Skýrsla efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna um „Implementation of the Lisbon Strategy“, samþykkt á sameiginlegri ráðstefnu efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og ungverska efnahags- og félagsmálaráðsins 9.-10. mars 2006 í Búdapest

⁽⁸⁾ „Work programme of the European Social Partners 2006-2008“ (CEEP, ETUC, UNICE/UEAPME), lögð fyrir framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og ráð Evrópusambandsins á þríhliða leiðtogafundinum um félagsmál (Tripartite Social Summit) hinn 23. mars 2006

2013, sem voru samþykktar hinn 5. apríl 2006, og varð lokaniðurstaðan sú að fjárhæðin varð fjórum milljörðum evra hærrí en ráðið hafði samþykkt í desember 2005 (en átta milljörðum evra lægri en þingið hafði beðið um sem viðbótarfjármagn). Nú er mikilvægt að samkomulag um efni og fjármagn hverrar einstakrar Bandalagsáætlunar náist eins fljótt og unnt er svo að hægt sé að byrja á þeim í ársbyrjun 2007 eins og fyrirhugað var. Samkomulag um áætlanirnar er ekki síður mikilvægt fyrir EFTA-ríkin innan EES. Ónaúðsynleg töf við ákvarðanatöku gæti í versta tilviki leitt til þess að EFTA-ríkin innan EES gætu ekki sótt um þegar fyrst yrði auglýst eftir tillögum.

4.3. EFTA-ríkin innan EES taka eins og sakir standa þátt í meira en 30 Bandalagsáætlunum sem eru lykilatriði í samvinnu samkvæmt EES-samningnum og í Lissabon-áætluninni. Málaflokkar sem EFTA-ríkin innan EES taka virkan þátt í eru m.a. þekkingarsamfélagið, atvinnumál, félagsleg aðlögun og sjálfbær þróun. EFTA-skrifstofan gaf í mars 2006 út fréttarit EFTA um Lissabon-áætlunina og EES⁽⁹⁾, sem gefur gott yfirlit um með hvaða hætti EFTA-ríkin innan EES taka þátt í áætluninni. EFTA-ríkin innan EES taka þátt í starfi nefnda sem gegna þýðingarmiklu hlutverki í EES-samstarfi (t.d. nefnd Evrópusambandsins um vísinda- og tæknirannsóknir), leggja sitt af mörkum til þróunar nýrra áætlana (t.d. 7. rammaáætlunarinnar) og gegna virku hlutverki sem stjórnendur verkefna þar sem hafðar eru við bestu starfsvenjur og kynna þær oft (t.d. SAFT – Safety, Awareness, Facts and Tools, sem er hluti af áætluninni „Öruggara Internet plús“).

4.4. Ráðgjafarnefnd EES styður áframhaldandi víðtæka og virka þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES í eldri og nýjum Bandalagsáætlunum og leggur áherslu á mikilvægi þessa fyrir þróun vel starfhæfs innri markaðar auk þróunar Lissabon-áætlunarinnar í heild.

4.5. Flest innlend framtakverkefni á Evrópska efnahagssvæðinu hafa alþjóðlegt gildi. Frá sjónarhóli EFTA-ríkjanna innan EES, einkum á svæðis- og staðarvísu í þessum löndum, verður Evrópusambandið í auknum mæli vettvangur og tækifæri til að vinna saman og læra. Framangreindar áætlanir, auk INTERREG-áætlana (milli svæða) eru góð dæmi um þess háttar mikilvæga samvinnu. Með hliðsjón af aukinni þörf á nýsköpun eru rannsóknir og þróun, veiting þjónustu yfir landamæri, aukinn skilningur, efling samvinnu og trausts afar þýðingarmikil atriði. Samstarfsframtakverkefni milli Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna innan EES ættu því einnig að vera mikilvægt forgangsverkefni og hljóta stuðning í framtíðinni.

V INNLENDAR UMBÆTUR

5.1. Í mars 2006 tilgreindi ráð Evrópusambandsins fjögur forgangssvið á grundvelli orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar, þar sem þörf er á að aðildarríkin leggi meira á sig til að auka sjálfbæran vöxt og tryggja fleiri og betri störf. Þau eru:

- Rannsóknir, þróun og nýsköpun
- Framtakssemi
- Atvinnumál
- Orkumál

5.2. Niðurstöður fundarins 24. mars 2006, sem formennskuríkið kynnti, fólu í sér nokkur sérstök markmið með tilliti til þessara málaflokka, með fáeinum undantekningum þó. Ráðgjafarnefnd EES vill vara við því að skuldbindingum Lissabon-áætlunarinnar sé ekki framfylgt og mælir með því að öll aðildarríkin haldi áfram nauðsynlegum umbótum í náinni samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, svæða- og staðaryfirvöld og borgaralegt samfélag.

5.3. Ráðgjafarnefnd EES ítrekar það álit sitt frá fyrri ályktunum að EFTA-ríkin innan EES skuli einnig móta innendar umbótaáætlanir. Enda þótt frammistaða EFTA-ríkjanna innan EES sé tiltölulega góð að því er varðar alla þrjá helstu þætti áætlunarinnar standa þau frammi fyrir sams konar viðfangsefnum og Evrópusambandið og hafa ekki efni á að slá slöku við. Ef litið er til framtíðar þurfa

⁽⁹⁾ EFTA Bulletin um „Growth and Jobs: The Lisbon Strategy and the European Economic Area“, mars 2006

EFTA-ríkin innan EES einnig að finna leiðir til að skapa meiri, sjálfbæran vöxt en jafnframt varðveita og þróa enn frekar strangar umhverfisreglur og félagslega samheldni. Aðilar vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum innan EES vilja ítarlegri umræður við yfirvöld EFTA-ríkjanna innan EES, bæði hvað varðar hvert og eitt land og EFTA-ríkin í heild, um þróun atvinnulífs þeirra og sérstaklega frammistöðu þeirra í samanburði við önnur EES-ríki.

5.4. Ef þetta á að vera hægt og ef setja á skilvirkar og raunhæfar viðmiðanir er mikilvægt að grunnhagvísar þeir sem Evrópusambandið þróaði taki til EFTA-ríkjanna innan EES. Þótt ráðgjafarnefnd EES telji miður að EFTA-ríkin innan EES hafi ekki verið tekin með í vorskýrslum framkvæmdastjórnarinnar 2004 og 2005 fagnar hún þeirri staðreynd að Noregur og Ísland séu nú með í gagnagrunni fyrir grunnhagvísa (Liechtenstein er almennt ekki með þar sem nauðsynleg gögn fyrir marga vísana eru ekki lögð fram). Gögn frá Hagstofu Evrópubandalaganna voru dregin út og einnig tekin með í fréttaritum EFTA.

5.5 Jafnframt er mikilvægt að gefa gaum að sérstökum svæðisbundnum og staðbundnum aðstæðum við setningu viðmiðana á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin varar við því að þeirri reglu sé fylgt að hið sama gangi fyrir alla og leggur áherslu á nauðsyn þess að hvert svæði hafi hag af sérstökum og viðeigandi aðgerðum og sé samanburðarhæft við önnur svæðisbundin og staðbundin samfélög við svipaðar aðstæður.

Rannsóknir, þróun og nýsköpun

5.6. Aðildarríkin gegna lykilhlutverki við að taka saman framtaksverkefni í einkageiranum, á sviði opinberrar þjónustu og í svæðasamböndum og við að framkvæma skipulagsumbætur. Auk þess sem nefndin leggur áherslu á hlutverk hvers ríkis, leggur hún áherslu á hlutverk svæða- og staðaryfirvalda, sem standa nær borgunum, vita hverjar þarfir þeirra eru og bera ábyrgð á gæðum efnahagslegs og félagslegs umhverfis. Það er á ábyrgð Sambandsins og innlands ríkisvalds að láta svæða- og staðaryfirvöldum í té upplýsingar og fjármagn fyrir traustu grunnvirki og hvetja til fjárfestinga.

5.7.

Ráðgjafarnefnd EES styður að áfram verði lögð áhersla á nauðsyn þess að fjárfesta meira í þekkingu og nýsköpun og fagnar sérstaklega Aho-skýrslunni hvað þetta varðar ⁽¹⁰⁾.

Í skýrslunni er hvatt til að samningur verði gerður um rannsóknir og nýsköpun sem gangi lengra en umræður um meginreglur og leggi meiri áherslu á raunverulegar aðgerðir. Markmiðið er að hvert og eitt aðildarríki Evrópusambandsins verji meira fé til rannsókna og þróunar og að þessi útgjaldaliður verði 3% af vergri landsframleiðslu árið 2010. Ef þetta á að verða að veruleika er mikilvægt að þetta verði raunverulegt markmið og að þjóðhagsleg stefna verði í samræmi við það. Auðvitað er markmiðið eitt og sér ekki nægjanlegt, aðildarríkin þurfa að gera grein fyrir hvernig því verði náð og hve miklu viðbótarfjármagni verði veitt í það. Löndin þurfa að fjárfesta á sviðum þar sem þau geta orðið fremst á alþjóðavettvangi og aukið gæðakröfur á heimsmarkaði og jafnframt skapað fleiri störf og sjálfbæra þróun á heimaslóðum. Ráðgjafarnefnd EES hefur t.d. í huga umhverfis- og orkusviðin, þar sem evrópsk fyrirtæki gætu styrkt frekar hlutverk sitt sem útflytjendur á sviði háþróaðrar tækni sem stuðlar að orkunýtni, endurnýjanlegum orkugjöfum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Áhersla skal lögð á þau svið sem skila miklu í efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu tilliti.

5.8. Aðildarríkin skulu nýta að fullu 7. rammaáætlunina og nýju áætlunina um samkeppnishæfni og nýsköpun (e. skammst. CIP), styðja við rannsóknarhópa og stuðla að því að mynda opinn evrópskan vinnumarkað fyrir vísindamenn til að greiða fyrir rannsóknarstörfum yfir landamæri. Þessu þurfa að fylgja frekari fjárfestingar í menntun og þjálfun – áætlanir um símenntun – í hverju landi fyrir sig. Nefndin fagnar sérstaklega símenntunaráætlun Evrópusambandsins 2007–2013 og telur hana vera grundvallarþátt í Lissabon-umbótaáætluninni.

⁽¹⁰⁾ „Creating an Innovative Europe“, skýrsla hóps sjálfstæðra sérfræðinga um rannsóknir, þróun og nýsköpun, sem skipað var eftir fundinn í Hampton Court, og er undir formennsku Esko Aho, fyrrverandi forsætisráðherra Finnlands, frá janúar 2006

5.9. Markmiðið um að veita 3 prósentum útgjalda til rannsókna og þróunar skal einnig gilda fyrir EFTA-ríkin innan EES. Ísland náði þessu marki árið 2003, eitt af aðeins þremur EES-ríkjum (ásamt Finnlandi og Svíþjóð), Noregur, með 1.9 % árið 2003, á enn eftir að fjárfesta á þessu sviði (engar hagtölur fyrir Liechtenstein). Ráðgjafarnefnd EES hvetur EFTA-ríkin innan EES til að halda áfram virkri þátttöku í 7. rammaáætluninni og hvetur stjórnvöld einnig til að vinna að þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES í áætluninni um samkeppnishæfni og nýsköpun.

Framtakssemi

5.10. Framkvæmdastjórnin hafði farið fram á að „skapað yrði viðskiptaandrúmsloft sem hvetti til stofnunar og vaxtar fyrirtækja“, með sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki. Ráðið tók vel í þetta, setti fram eitt sértækasta markmið vorfundarins og bað aðildarríkin um að „koma á fót eigi síðar en 2007, einnarviðkomufyrirkomulagi, eða fyrirkomulagi sem hefði sömu áhrif, til að stofna fyrirtæki á fljótvirkan og einfaldan hátt“ og að „gera fullnægjandi ráðstafanir til að stytta verulega þann tíma sem fer í að stofna fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, með það að markmiði að hægt verði að gera þetta á skemmri tíma en viku hvar sem er í Evrópusambandinu í lok árs 2007“.

5.11. Ráðgjafarnefnd EES er þeirrar skoðunar eins og ráðið að ef neytendur, starfsmenn og fyrirtæki eigi að hafa hag af vel starfhæfum innri markaði þurfa aðildarríkin að eiga meiri ítök á innri markaðnum og tryggja að EES-löggjöf sé lögleidd, eflid og réttilega framkvæmd. Nefndin veitir nýrri stefnu Evrópusambandsins fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sérstakan stuðning en hún byggist á því lögmáli „að hugsa smátt í byrjun“ og biður um að henni sé fylgt eftir með raunhæfum ráðstöfunum á vettvangi Evrópusambandsins og í einstökum aðildarríkjum, að meðtöldum EFTA-ríkjunum innan EES.

Atvinnumál

5.12. Í niðurstöðum formennskuríkjanna greindi ráð Evrópusambandsins frá því að „aukin atvinna í Evrópu verði áfram eitt helsta forgangsmálið þar sem umbóta er þörf“. Ráðgjafarnefnd EES styður þetta, einkum hugmyndina um ævilangan atvinnuferil þar sem leggja þarf meiri áherslu á að ráða ungt fólk til vinnu, að það byggi upp starfsreynslu alla starfsævi sína og að fólk haldist lengur í starfi og vinni lengra fram á efri ár. Sérstaklega skal beina athyglinni að atvinnuleysi meðal innflytjenda og þjóðernisminnihluta. Ráð Evrópusambandsins lagði aftur fram sérstök markmið, í því skyni að bæta aðstæður ungs fólks, og greindi frá því að „í lok árs 2007 skyldi bjóða hverju einasta ungmenni, sem hefur lokið skólagöngu og er án atvinnu, vinnu, námssamning, viðbótarstarfsþjálfun eða aðra ráðningaráhæfa ráðstöfun innan sex mánaða og innan ekki meira en fjögurra mánaða árið 2010“. Til að ná þessu markmiði er grundvallaratriði að auka hlutfall vinnandi manna í Evrópu og jafnframt að draga úr fátækt. Því lengur sem ungt fólk er atvinnulaust þegar það lýkur skóla, einkum í vanbúnum samfélögum, þeim mun meiri hætta er á að fátækt aukist hraðar. Af þeim sökum er mikilvægt að aðildarríkin vinni hörðum höndum að því að breyta framangreindum markmiðum í hagnýtar og sértækar aðgerðir sem þau annast sjálf ásamt því að koma á áætlunum um símenntun og virka eldri kynslóð.

5.13. Viðurkenning á sérstaklega mikilvægu hlutverki aðila vinnumarkaðarins að því er varðar stefnu í atvinnumálum er kærkomin og nauðsynleg. Aðilar vinnumarkaðarins munu áfram, með skoðanaskiptum sín á milli, leitast við að gera sjálfstæða samninga eins og þá sem þegar hafa verið gerðir um foreldraorlof, hlutastarf og tímabundnar ráðningar, og starfsþjálfun, fjarvinnslu og starfstengt álag, á sviðum sem snerta jafnrétti kynjanna eða framtaksverkefni fyrir ungt fólk í Evrópusambandinu.

5.14. Ráðgjafarnefnd EES styður þá hugmynd að stefna í jafnréttismálum kynjanna sé afar þýðingarmikil fyrir hagvöxt, hagsæld og samkeppnishæfni, og fagnar af þeim sökum samningum um jafnrétti kynjanna sem aðildarríkin gerðu á vorfundinum, ásamt nýútgefnum vegvísi framkvæmdastjórnarinnar um jafnrétti milli kvenna og karla og stofnun Evrópustofnunar um kynjajafnrétti. Sömuleiðis er sérstaklega mikilvægt að hækka hlutfall kvenna á vinnumarkaði í Evrópu. Markmið Lissabon-áætlunarinnar í atvinnumálum er 60% atvinnuhlutfall fyrir konur árið

2010. Eins og sakir standa er það 55,7% og mun lægra (31,7%) fyrir eldri konur (55–64 ára). Auk þess er atvinnuleysislutfall kvenna mun hærra en karla (9,7% á móti 7.8%) ⁽¹¹⁾. Mikilvægt er, eins og beint er á í vegvísni framkvæmdastjórnarinnar, að meiri áhersla sé lögð á kynjabáttinn í Lissabon-áætluninni. Nefndin styður af þeim sökum að öllu leyti þau sex forgangssvið sem framkvæmdastjórnin tilgreinir í vegvísinum og hvetur EES-ríkin til að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum aðgerðum til að ná þessum sameiginlegu markmiðum: jafnmikið efnahagslegt sjálfstæði fyrir konur og karla; betri samræming milli vinnu og einka- og fjölskyldulífs; jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku; útrýming kynjabundins ofbeldis og mansals; að eyða kynjabundnum staðalímyndum úr þjóðfélaginu; og einnig kynjajafnrétti utan Evrópusambandsins.

5.15. Fimmta rammaáætlunin um jafnrétti kynjanna (2001–2005/2006) sem nú er í gildi verður á næsta fjárhagstímabili (2007–2013) sett inn í samþætta áætlun um atvinnumál og félagslega samstöðu (PROGRESS). Þátttaka EFTA-ríkjanna innan EES í PROGRESS-áætluninni er enn á umræðustigi. Á grundvelli virkrar þátttöku í fyrri og núverandi rammaáætlunum um jafnrétti kynjanna, þar sem samstarfsaðilar EFTA-ríkjanna innan EES hafa oft verið í forystu og lagt fram verkefni samkvæmt bestu starfsvenju, hvetur ráðgjafarnefnd EES einnig yfirvöld EFTA-ríkjanna innan EES og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna til að vinna að því að tryggja áframhaldandi þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES í PROGRESS-áætluninni.

5.16. Á síðustu árum hefur nýtt hugtak skotið upp kollinum í ESB-umræðum um atvinnu- og félagsmál, nánar til tekið „flexicurity“, sambland af sveigjanlegum atvinnumarkaði og félagslegu öryggi. Hugtakið sem slíkt er ekki nýtt og tekur mið af dönsku samfélagsgerðarfyrirmyndinni, og sumir mundu segja að fyrirmyndin væri sérstaklega norræn. Ráð Evrópusambandsins sagði á vorfundinum: „Evrópa verður að nýta sér það að samkeppnishæfni, atvinnulíf og félagslegt öryggi haldast í hendur“ og hvatti aðildarríkin til að leggja ríka áherslu á helsta viðfangsefnið sem felst í „flexicurity“, nánar til tekið að tryggja sveigjanlegri vinnumarkaði en jafnframt að viðhalda félagslegu öryggi á háu stigi. Mikilvægt er að hafa í huga að norræna fyrirmyndin er ekki aðeins ein fyrirmynd heldur í rauninni fimm og hafa í huga að ef til vill er ekki mögulegt að flytja út samfélagsgerðarfyrirmynd að öllu leyti (t.d., dönsku fyrirmyndina). En Evrópu ber jafnframt að viðurkenna árangursríka þætti fyrirmyndarinnar að „flexicurity“ og þá staðreynd að fyrirmyndin gerir ráð fyrir því að mikil velferðarríki séu mjög samkeppnishæf, atvinnuleysi þar sé lítið og hagvöxtur mikill. Ráðgjafarnefnd EES fagnar samkomulagi milli framkvæmdastjórnarinnar, ráðsins og aðila vinnumarkaðarins í Evrópu um að kanna þróun nokkurra sameiginlegra grunnatriða um „flexicurity“ svo að við skiljum betur hvernig hinir mismunandi þættir fyrirmyndarinnar gætu stuðlaða að sjálfbærari vexti í Evrópu.

Orka

5.17. Grænbók framkvæmdastjórnarinnar um Evrópska áætlun um sjálfbæra, samkeppnishæfa og örugga orku ⁽¹²⁾ var grunnurinn að ákvörðun ráðs Evrópusambandsins á vorfundinum um að ákvarða stefnu Evrópusambandsins í orkumálum (EPE). Aðildarríkin féllust á aukið samstarf og samræmingu á sviði orkumála en fluttu ekki þessi nýju valdsvið yfir til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna. Markmiðin með stefnu Evrópusambandsins í orkumálum eru þrenns konar: Afhendingaröryggi, samkeppnishæfni og sjálfbær umhverfisstefna. Liðir í stefnu Evrópusambandsins í orkumálum varða greinilega EES og tengjast því sérstaklega að innri markaðurinn verði opnaður fyrir raforku og gasi eigi síðar en um mitt ár 2007. Aðrir þættir, til dæmis ný, sameiginleg nálgun í utanríkismálum, munu vitaskuld ekki taka til EFTA-ríkjanna innan EES en hafa í för með sér nánari tengsl í skipulagsmálum við lönd eins og Noreg. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda í norðri er ekki aðeins mikilvæg fyrir svæðið sjálft heldur er hún álíka mikilvæg fyrir aukið samstarf í Evrópu, að hluta vegna aukinnar þarfar Evrópu á afhendingaröryggi en einnig vegna þess að sjálfbær vöxtur á svæði í svo viðkvæmu umhverfi varðar allan hnöttinn.

⁽¹¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um „A Roadmap for equality between women and men“ (COM(2006) 92 lokaútg., 1. mars 2006)

⁽¹²⁾ Grænbók framkvæmdastjórnarinnar um „A European Strategy for Sustainable, Competitive and Secure Energy“ (COM(2006)105 lokaútg.), 8. mars 2006

5.18. Mikilvægt er að áætlanir um að auka skilvirkni á orkusviðinu geri einnig ráð fyrir tryggri afhendingu með því að hvetja til langtímafjárfestinga í grunnvirkjum og byggingarfærni. Meira en á öðrum sviðum eru fjárfestingar í raforkuframleiðslu og stækkun netkerfa oftast gríðarmiklar og binda fjármuni til lengri tíma. Raforkumarkaðurinn ræðst af traustum regluramma og langtímaöryggi svo að hann hafi jákvæð áhrif á fjárfestingaákvarðanir.

5.19. Í innlendum orkunýtingaráætlunum ætti að gera ráð fyrir kerfisbundnu mati á skilvirkni með vísun og auka skilvirkni með því að breiða út „bestu starfsvenjur“ í hverju landi fyrir sig og á evrópskum vettvangi. En samanburður er takmarkaður vegna veðurfarsskilyrða, orkukræfni þjóðfélagsins í heild, fyrri aðgerða, gerð markaðar og fyrirtækja sem að miklu leyti er mismunandi í öllum EES-ríkjunum. Af þeim sökum ætti ekki að líta svo á að tilgangurinn með árlegum skilvirkniáætlunum og setningu viðmiðana á Evrópuvísu sé að leggja kvaðir á aðildarríkin heldur séu þær tæki til að hafa aðgang að mismunandi verkfærum og að læra af bestu starfsvenjum.

5.20. Ráðgjafarnefnd EES telur að áherslan í stefnu Evrópusambandsins í orkumálum ætti að vera að skapa ný störf og auka tækniþekkingu í þeim tilgangi að auka orkunýtingu og þróa endurnýjanlega orkugjafa, og auka með þeim hætti gæðakröfur á heimsmarkaði, þróa afar samkeppnishæfan orkugeira og tryggja sjálfbæran vöxt alls staðar í Evrópu.
